

Ytra mat leikskóla Andabær

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-54-1

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Andabær	9
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Starfsmenn	9
Starfsmannavelta	9
Húsnæði	9
Útileiksvæði	9
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008.	9
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	10
Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins	10
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans	10
Skólanámskrá	11
Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá	11
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	12
Stjórnun og starfsmannamál	13
Stjórnskipulag og skipurit	13
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál.	14
Uppeldi, menntun og umönnun	15
Leikföng og efniviður	15
Líðan barna	15
Lýðræði og mannréttindi	15
Samskipti og hegðun	16
Skólaþróun	16
Skólabragur og samskipti	17
Starfsandi	17
Jafnrétti	17
Mat á námi og velferð barna	18
Innra mat	18
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Foreldraráð og foreldrafélag	19
Samstarf leikskóla og grunnskóla.	19
Annað samstarf	19
Sérfræðipjónusta og sérkennsla	20
Samantekt	22
Lokaorð	24
Heimildir.	25

Samantekt á niðurstöðum

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsemi leikskólans Andabæjar á Hvanneyri hófst í núverandi mynd árið 1991. Leikskólinn hefur ekki gert skólanámskrá sem samræmist aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins. Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur varðandi rými sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Húsnæðið er rúmgott og hljóðvist er góð. Húsnæði leikskólans mætti nýta betur fyrir börnin. Útileiksvæði leikskólans er stórt, vel skipulagt og vel búið leiktækjum. Starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð fyrir leikskólann, *leikur, gleði, vellíðan*, og talað er um leikinn sem námsleið barnanna. Lögð er áhersla á vellíðan barnanna í leikskólanum.

Skólanámskrá

Skólanámskrá Andabæjar er frá árinu 2009 og uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Gera þarf nýja skólanámskrá fyrir leikskólann.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Samvinna starfsmanna er góð en verkaskipting stjórnenda óljós. Ákvarðanatöku er í höndum leikskólastjóra og deildarstjóra með aðkomu starfsmanna. Gera ætti móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og jafnréttisáætlun í samræmi við áherslur Borgarbyggðar í jafnréttismálum. Gera þarf árlega starfsáætlun fyrir leikskólann í samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í núverandi skólanámskrá segir að leikskólinn starfi samkvæmt hugmyndafræði John Dewey, lögð sé áhersla á leikinn og efnivið sem býður upp á að börnin útfæri eigin hugmyndir á margskonar vegu. Starfsaðferðir einkennast af virðingu kennara fyrir þörfum barnanna, nærveru á leiksvæðum barnanna og góðri hlustun. Börnin hafa gott aðgengi að bókum en ritmál er ekki mikið sýnilegt. Uppeldisstarf leikskólans þarfnast endurskoðunar í tengslum við gerð nýrrar skólanámskrár.

Skólabragur og samskipti

Almennt eru samskipti innan leikskólans góð og lögð er áhersla á að börnum, starfsfólki og foreldrum líði vel í leikskólanum. Starfsmannahald er stöðugt og ekki hafa komið upp starfsmannavandamál í leikskólanum.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS, sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, HLJÓM 2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskóla og Heilsubók barnsins sem er hluti af aðferðafræði Heilsuskólans.

Innra mat

Í leikskólanum hefur ekki farið fram innra mat. Þarf að bæta úr því og taka upp kerfisbundið innra mat í samræmi við ákvæði í lögum og aðalnámskrá.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Í leikskólanum starfar foreldraráð og hefur leikskólinn fengið undanþágu fyrir því að foreldraráðið sé jafnframt stjórn foreldrafélagsins vegna smæðar leikskólans. Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við leikskólastjóra og starfsfólk. Móttökuáætlun er til fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum. Framvegis verður leikskólinn þátttakandi í Skólavoginni þar sem fram fer mat foreldra á skólastarfi í Borgarbyggð.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Aðgangur leikskólans að sérfræðiþjónustu er í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Sveitarfélagið rekur sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla og grunnskóla í Borgarbyggð og hefur sett sér sérkennslustefnu og stefnu varðandi mál innflytjenda. Leikskólinn hefur ekki sett sér sérkennslustefnu og hefur ekki mótað verkferla varðandi framkvæmd sérkennslustefnu í leikskólanum. Leikskólinn hefur ekki mótað stefnu varðandi börn sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Andabæ á Hvanneyri í Borgarbyggð. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var unnið af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 6.-7. október 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir átta matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

- a. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga voru einnig höfð til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 29. september 2014 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 6. október 2014 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á báðum deildum leikskólans. Haldnir voru fundir með deildarstjórum, starfsmönnum á deild, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Vegna smæðar leikskólans voru tekin rýnihópaviðtöl við báða deildarstjóra, alla starfsmenn leikskólans og öll börn í elsta árgangi. Þátttakendur í rýnihópi foreldra voru valdir með slembiúrtaki með þátttöku formanns foreldraráðs og foreldrafélags. Tekin voru einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Einnig var rætt við við formann fræðslunefndar Borgarbyggðar.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerð um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun, dagskipulag, heima síða Andabæjar, heimasíða Borgarbyggðar, símenntunaráætlun og önnur gögn sem leikskólinn lagði fram.

Skólaheimsóknin stóð yfir í tvo daga, 6. og 7. október 2014. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu úr gátlista fyrir hverja stund. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar sem gerði ekki athugasemdir.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn Andabær

Leikskólinn og umhverfi hans

Borgarfjarðarsveit hóf rekstur leikskólans Andabæjar á Hvanneyri árið 1991, en fyrir þann tíma höfðu foreldrar rekið þar leikskóla. Í febrúar 2009 flutti leikskólinn í núverandi húsnæði sem byggt var fyrir hann við Araflöt 2. Stærð leikskólans er 570m². Í leikskólanum dvelja 30 börn á aldrinum eins til sex ára. Börnunum er skipt á tvær deildir, Goðheima og Hulduheima. Í Andabæ eru þrjú börn með annað móðurmál en íslensku og þrjú börn með skilgreindan stuðning og er gerð einstaklingsáætlun fyrir þau. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45-16:30.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 11 starfsmenn í 10,5 stöðugildum, þar með talinn leikskólalastjóri. Leikskólakennarar eru fimm, þar af fjórir starfandi á deild eða 57% af starfsfólki á deildum. Stjórnunarhlutfall Andabæjar er 105%. Starfsmenn utan deilda eru matráður í 100% starfi og 87.5% stöðuhlutfall í ræstingu. Allir starfsmenn leikskólans eru konur. Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólalastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.³

Starfsmannavelta

Ekki hefur verið mikil starfsmannavelta í leikskólanum undanfarin ár. Á árinu 2014 þurfti að fjölga starfsfólki þegar ákveðið var að taka inn eins árs börn í leikskólann.⁴

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁵ Húsnæðið, sem tekið var í notkun 2009, er byggt sem þriggja deilda leikskóli en núverandi starfsemi miðast við tveggja deilda leikskóla, yngri og eldri deild. Hvor deild hefur yfir að ráða heimasvæði sem skiptist í þrjár stofur og salerni. Þriðja deildin er meðal annars nýtt sem listaskáli. Sameiginlegur salur er fyrir allan leikskólann þar sem börnin fara í skipulagðar hreyfistundir. Aðstaða er fyrir sérkennslu, aðstaða fyrir undirbúning starfsmanna, aðstaða til fundarhalda og rúmgóð kaffistofa fyrir starfsfólk. Góð hljóðvist er í leikskólanum.

Útileiksvæði

Útileiksvæði Andabæjar er stórt og vel skipulagt. Svæðið er búið fjölbreyttum leiktækjum og auk þess er manngert landslag þar sem börnin geta klifrað á steinum, hlaupið á grasflötum og hólum. Einnig er á leiksvæðinu eldstæði til útieldunar.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Aukið samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla frá því sem var fyrir setningu laganna. Foreldraráð hefur starfað við leikskólann frá 2013.

³ Lög um menntun og ráðningu kennara og skólalastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁴ Upplýsingar frá leikskólalastjóra.

⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Starfsmannafundir voru settir inn á dagvinnutíma, opnunartími var stytur um 45 mínútur og rekstrarfé var skorið niður. Þessar breytingar hafa flestar gengið til baka, í dag eru sex starfsmannafundir á ári utan dagvinnutíma og aukning er á rekstrarfé til leikskólans. Opnunartíminn hefur hins vegar haldist óbreyttur þar sem ekki hafa komið fram óskir um að lengja hann aftur.

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur sett sér skólastefnu fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þar segir að skólar sveitarfélagsins skuli vera í fararbroddi hvað varðar gæði náms og starfsaðstöðu nemenda og starfsmanna. Öllum börnum í sveitarfélaginu skal tryggður jafn aðgangur að góðri og fjölbreyttri aðstöðu og menntun í öruggu starfsumhverfi. Hlutverk sveitarfélagsins er að styðja við umbóta- og þróunarstarf í skólum. Faglegur metnaður skal ríkja í skólastafi og þeirri þjónustu sem sveitarfélagið veitir skólum. Starfsfólki skal vera tryggður aðgangur að þeirri sí- og endurmenntun sem býðst á hverjum tíma. Í skólum sveitarfélagsins verði lögð aukin áhersla á upplýsingatækni. Gott samstarf ríki milli starfsfólks, stjórnenda, nemenda og foreldra innan skólastofnana, milli skólastiga og einstakra stofnana.⁶

Í fundargerð fræðslunefndar Borgarbyggðar frá 24. október 2013 kemur fram að undirritaður hefur verið samningur við ráðgjafarfyrtækið FranklinCovey um innleiðingu á leiðtogaverkefninu *The Leader in Me* (Leiðtoginn í mér) fyrir leikskóla og grunnskóla Borgarfjarðar.⁷ *The Leader in Me* er hugmyndafræði fyrir skóla sem byggir á bók Steven R. Covey, *7 Habits of Highly Effective People*, og gengur út á það að byggja upp sterka einstaklinga með góða leiðtogafærni til að takast á við áskoranir í lífi og starfi. Verkefnið byggir á rannsóknum um hvernig megi umbreyta menningu skólasamfélags til að efla félagslega færni nemenda, auka tilfinningagreind og auka færni í mannlegum samskiptum, ásamt því að bæta námsárangur og virkja viljann til að taka þátt í leik og starfi. Innleiðingarferlið tekur 3 ár. Fulltrúi FranklinCovey á Íslandi, Elín María Björnsdóttir, mun þjálfa starfsfólk skólanna í leiðtogahugmyndafræði Stephens R. Covey og leiða innleiðingarferlið í Borgarbyggð í samstarfi við starfsfólk.⁸

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Einkunnarorð Andabæjar eru *leikur, gleði, vellíðan*.

Hugmyndafræði leikskólans er sótt til John Dewey og vísað í hugmyndir hans um hvernig barn lærir af reynslu. Leggja eigi áherslu á frumkvæði og sköpunargleði barnsins en horfa ekki á það sem óvirkan móttakanda sem þarf að forrita. Virkja eigi athafnagleði barnsins og áhuga þess á gagnrýnni hugsun.⁹ Samkvæmt skólanámskrá Andabæjar er lögð áhersla á að virkja barnið með því að bjóða upp á opinn efnivið sem hvetur barnið til gagnrýnnar hugsunar og örvar sköpunar- og leikgleði.¹⁰ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að mikil áhersla er lögð á leikinn og vellíðan barnanna.¹¹ Fram kemur í skólanámskrá að sótt er í smiðju Carolin Pratt varðandi notkun einingakubba¹² og að sögn leikskólastjóra er sérstaklega lögð áhersla á opinn efnivið á eldri deildinni.¹³ Andabær er skóli á grænni grein og hefur flaggað grænfána frá 2005. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Grænfánaverkefninu á Íslandi er stýrt af Landvernd.¹⁴

Andabær hefur verið heilsuleikskóli frá 11. desember 2013.

⁶ Heimasíða Borgarbyggðar – Skólastefna.

⁷ Heimasíða Borgarbyggðar.

⁸ *The leader in me*.

⁹ Heimasíða Andabæjar.

¹⁰ Heimasíða Andabæjar.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹² Heimasíða Andabæjar.

¹³ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁴ Heimasíða Landverndar.

Styrkleikar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Góð hljóðvist er í leikskólanum.
- Útileiksvæði leikskólans er stórt og vel skipulagt og búið fjölbreyttum leiktækjum.
- Í leikskólanum er unnið út frá ákveðnum einkunnarorðum sem starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um.
- Í leikskólanum er unnið með umhverfismennt og leikskólinn hefur flaggað grænfána frá 2005.
- Leikskólinn er þátttakandi í heilsueflingu í skólum og hefur verið heilsuleikskóli frá 2013.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf hugmyndafræði, stefnu og helstu áhersluþætti leikskólans í samræmi við nýja aðalnámskrá.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans Andabæjar er frá árinu 2009 og uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í lögum um leikskóla nr. 90/2008 en ekki kröfur aðalnámskrár frá 2011. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans en ekki er hafin vinna við gerð nýrrar skólanámskrár sem uppfyllir kröfur aðalnámskrár frá 2011. Hugmyndafræði leikskólans er sótt til John Dewey.¹⁵

Einkunnarorð leikskólans eru *leikur, gleði, vinátta*. Í skólanámskrá segir að leikurinn sé í öndvegi í leikskólanum. Um leikinn segir í skólanámskránni að hann sé lífstjáníning barnsins og gleðigjafi. Barnið skapar leikinn úr eigin hugarheimi, tekur ákvarðanir á eigin forsendum, lærir að leita lausna og fær útrás fyrir tilfinningar sínar í leiknum. Um gleðina segir að hún skipi stóran sess í leikskólanum og sé undirstöðuatriði leiksins. Dýrmætt sé að leggja grunn að lífsgleði strax í barnæsku. Þriðja einkunnarorð leikskólans er vinátta. Talað er um í skólanámskránni að samkennd, samhjálpar, samvinna og góð samskipti séu áhersluþættir í leikskólastarfinu.

Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í hópastarf, frjálstan leik og útivist. Unnið er í skólahópi einu sinni í viku með börn í útskriftar árgangi og önnur börn á eldri deild í könnunarleik (e. *heuristic play with objects*) einu sinni í viku. Hugmyndasmiðir könnunarleiksins eru Elinor Goldschmeid og Sonja Jackson. Þær hafa útfært aðferð til kennslu sem kallast könnunarleikur með hluti þar sem börnin leitast við að kanna umhverfi sitt án hjálpar frá fullorðnum. Meðfæddur áhugi þeirra og forvitni eru þannig vakin á umhverfinu og fá útrás í könnunarleiknum. Könnunarleikur kemur ekki í staðinn fyrir frjálstan leik heldur er ætlaður sem viðbót til að auðga leik yngstu barnanna.¹⁶

Fram kom í samtölum við starfsmenn, deildarstjóra, leikskólastjóra og foreldra að þeir þekkja einkunnarorð leikskólans, *leikur, gleði, vinátta*. Í skólanámskrá kemur fram að leikurinn sé í öndvegi í leikskólanum og eigi að gefa mikið rými fyrir frjálstan leik, bæði úti og inni. Í leik eiga börnin að fá að flæða um húsnæðið og hafa tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Holukubbar og einingakubbar eiga að vera mikið notaðir en húsnæðið býður upp á mikla möguleika í vinnu með þá.

Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að kubbavæðið með holukubbunum var nýtt af börnunum í frjálsum leik og fengu börnin að yfirgefa svæðið án þess að taka kubbana saman þegar þau fóru í útivist

¹⁵ Heimasíða Andabæjar.

¹⁶ Community playthings.

og gátu þannig haldið leiknum áfram næst þegar þau komu á svæðið. Kennarinn var til staðar allan tímann sem börnin voru í kubbaleiknum, fylgdist með og tók þátt í samræðum við börnin þegar það átti við. Í viðtali við deildarstjóra og starfsmenn kom fram að hlustað sé á óskir barnanna og þau fá að hafa áhrif á ákvarðanatökur varðandi skipulag og verkefna.¹⁷

Í viðtali við rýnihóp barna kom fram að þeim finnst ekki að þau fái að hafa áhrif og sögðu að það væru kennararnir sem réðu hvað þau mættu leika með en að þau mættu sjálf velja sér vini og einnig að þau mættu skipta um leiksvæði, en megi þó ekki hlaupa úr einu í annað. Börnin notuðu handahreyfingu til að útskýra þessa reglu og gerðu sikk, sakk með höndunum.¹⁸ Samkvæmt dagskipulagi er útvíst tvisvar á dag, fyrir og eftir hádegi, og geta matsmenn staðfest það. Í dagskipulagi er ekki gert ráð fyrir vettvangs-ferðum og í viðtali við starfsmenn kom fram að ekki eru reglulegar vettvangsferðir en ef einhverjum dettur í hug að fara í vettvangsferð er það gert. Sagði starfsfólk að það mætti gera meira af því að fara í vettvangsferðir.

Í viðtali við deildarstjóra kom fram að lögð er áhersla á að nota virka hlustun og að tala við börnin en ekki til þeirra og að skipta börnunum í minni hópa til að minnka áreiti og skapa rólegheit.¹⁸ Í vettvangsathugun kom þetta vel í ljós þar sem matsmenn urðu vitnin að því að starfsmenn á yngri deild færðu sig í hæð barnanna og náðu augnsambandi við þau þegar talað var við þau, einnig sátu þeir á gólfinu hjá börnunum og voru virkir þátttakendur í leik þeirra. Á eldri deild sáu matsmenn sömu áherslu í samskiptum við börnin. Starfsmenn eru alltaf til staðar þar sem börnin eru í leik, spjalla við börnin um það sem þau eru að gera og samverustund fyrir hádegismat var afslöppuð og börnin áhugasöm um það sem þar fór fram.

Leikskólinn flaggar grænfánanum og markmið leikskólans fyrir 2013-2015 eru vettvangsferðir og útinám, gróðursetning trjáa á skólalóðinni og umhirða þeirra. Moltun er eitt af markmiðum grænfánans og eiga börnin að taka þátt í því. Sem stendur er ekki verið að molta vegna þess að moltutunnan var orðin full og verið var að bíða eftir að moltan í tunnunni yrði tilbúin til að fara í matjurtargarðinn. Þátt-taka barnanna í þessu var ekki sýnileg matsaðilum og flokkunarílát ekki inni á deildum.

Leikskólinn er heilsuleikskóli og starfar samkvæmt heilsustefnunni en hún leggur áherslu á hreyfingu, útvíst, mataræði og sköpun. Heilsuefling í skólum byrjaði sem samstarfsverkefni heilbrigðisráðuneytis og landlæknisembættis við leikskóla á öllum skólastigum. Fjórir leikskólar og heilsugæslan í Kópavogi tóku þátt í Evrópuverkefni á árunum 1999 til 2002 og var afrakstur þess viðmið fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla um markmið heilsueflingar í skólum.²⁰ Mikilvægur hluti af heilsustefnunni er heilsu-bók barnanna og sáu matsaðilar að hvert barn á sína heilsubók. Farið er yfir heilsubók barnsins í foreldra- viðtölum og lýstu foreldrar í rýnihópi ánægju með það. Matsaðilar sáu að verið var að vinna með hreyfingu í sal leikskólans og einnig í útvíst, en skapandi starf var ekki mjög sýnilegt.

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Ekki er hafin vinna við gerð nýrrar skólanámskrár en í viðtali við leikskólastjóra kom fram að mikið efni væri til og undirbúningur hafinn þó ekki væri byrjað að skrifa skólanámskrána. Leikskólastjóri hefur ekki gert áætlun um hvernig eða hvenær skólanámskráin verður endurskoðuð.¹⁹ Í samtali við deildarstjóra kom fram að ekki er hafin vinna við gerð nýrrar skólanámskrár og eru þeir ósáttir við það. Þeir óska eftir að fá að koma sem mest að þeirri vinnu en ákvörðun um framkvæmdina liggur hjá leikskóla-stjóra.²⁰ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir hefðu farið á námskeið um skólanámskrárgerð og þar hefði verið unnið í vinnuhópum en ekki hefði verið framhald á þeirri vinnu og þeir vissu ekki hvað hefði orðið um hana.²¹

¹⁷ Viðtal við deildarstjóra.

¹⁸ Viðtal við deildarstjóra.

¹⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁰ Viðtal við deildarstjóra.

²¹ Rýnihópur starfsmanna.

Styrkleikar

- Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af góðri nærveru og einstaklingsumhyggju.
- Börnunum er gefið gott svigrúm og rými til að þróa leik með holukubbum.
- Starfsmenn leggja áherslu á virka hlustun og er alltaf til staðar þar sem börn eru að leik.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf gerð nýrrar skólanámskrár sem uppfyllir kröfur aðalnámskrár fyrir árið 2015.
- Endurskoða þarf faglegt starf í tengslum við skólanámskrárgerð.
- Tryggja þarf að allir starfsmenn, börn og foreldrar komi að skólanámskrárgerð.
- Endurskoða þarf þátttöku eldri barna í könnunarleiknum.
- Bæta þarf flokkun og moltugerð í leikskólanum.
- Skipuleggja mætti vettvangsferðir í tengslum við markmið Grænfánans 2013-2015.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Andabæjar er Borgarbyggð. Borgarbyggð rekur sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla og grunnskóla. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem skipuð er sjö fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Skólastjórnendur og fulltrúar starfsmanna og foreldra í Borgarbyggð eiga setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni skóla í héraðinu. Fræðslunefnd hefur eftirlit með starfsemi leikskóla og á að sjá til þess að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samræmi við gildandi lög og reglur. Fræðslunefnd gerir tillögu að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar og hefur eftirlit með að stofnanir haldi fjárhagsáætlanir. Eftirlit með starfsemi leikskóla er á höndum fræðslustjóra og fræðslunefndar sem fer yfir starfsáætlanir og ársskýrslur frá leikskólum.²²

Leikskólastjóri Andabæjar hóf störf árið 1993. Hann leggur áherslu á góðan starfsanda í leikskólanum og gott samstarf við foreldra. Leikskólastjóri fundar að öllu jöfnu vikulega með deildarstjórum leikskólans. Leikskólastjóri Andabæjar tekur þátt í mánaðarlegum fundum fræðslustjóra með leikskólastjórum sveitarfélagsins. Leikskólastjórar í Borgarbyggð skiptast á að vera áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra í fræðslunefnd Borgarbyggðar fjórða hvert ár.

Fimm starfsdagar eru á ári í leikskólanum og sex starfsmannafundir. Deildarstjórafundir eru vikulega og deildarfundir hálfmánaðarlega. Starfsdagar eru nýttir fyrir undirbúning fagstarfsins, skipulag leikskólans og fyrir undirbúning og fræðslu vegna þátttöku í þróunarverkefninu *The Leader in Me* (Leiðtoginn í mér). Ekki er til skipurit fyrir leikskólann eða starfslýsingar fyrir starfsfólk, aðrar en starfslýsingar stéttarféлага. Á deildum mátti sjá gögn um verkaskiptingu starfsfólks.

Ákvarðanatata um rekstur leikskólans er í höndum leikskólastjóra en ákvarðanatata um fagstarf er í höndum leikskólastjóra og deildarstjóra. Að sögn leikskólastjóra leggja stjórnendur mikla áherslu á að allir komi að skipulagi og ákvarðanatöku innan leikskólans. Starfsáætlun hefur ekki verið unnin í leikskólanum.²³ Að sögn deildarstjóra og starfsmanna hafa þeir gott aðgengi að leikskólastjóranum og starfsmenn eru sæmilega upplýstir um boðleiðir innan leikskólans. Verkaskipting milli stjórnenda er óskýr og ekki skrifleg. Foreldrar telja sig eiga greiðan aðgang að leikskólastjóra og öðrum starfsmönnum leikskólans.²⁴ Skiptar skoðanir eru meðal starfsmanna um stjórnun leikskólans. Deildarstjórar

²² Heimasíða Borgarbyggðar.

²³ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁴ Viðtal við deildarstjóra, rýnihópur starfsmanna og rýnihópur foreldra.

telja skorta á faglega forystu og framkvæmd lögboðinna verkefna, s.s. gerð námskrár, starfsáætlunar og framkvæmd innra mats.²⁵ Deildarstjórar og starfsmenn telja sig fá litla hvatningu til að sækja sér fræðslu.²⁶ Fram kom hjá starfsmönnum að leikskólastjóri kemur mikið inn á deildir til að leysa af og sama kom fram í viðtali við börnin.²⁷ Deildarstjórar telja sig ekki fá mikla hvatningu frá leikskólastjóra²⁸ en starfsmenn töldu sig fá hrós, „erum að vinna í því að gefa hver annarri klapp“.²⁹ Leikskólastjóri taldi sig sæmilega duglegan við að hrósa starfsfólki en mætti samt gera betur. Hann talaði einnig um það sem bæði styrkleika og veikleika að innan starfsmannahópsins er mikið um persónulegan vinskapa, „hér eru starfsmenn sem hafa verið vinkonur frá barnæsku“.³⁰ Að sögn formanns fræðslunefndar Borgarbyggðar hafa ekki komið fram erindi vegna stjórnunar og reksturs leikskólans og telur hann að almennt séu foreldrar ánægðir með leikskólann.³¹

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn hefur ekki gefið út starfsáætlun. Að sögn leikskólastjóra á að skila ársskýrslu í fyrsta skipti á þessu ári. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári við alla starfsmenn og tekur leikskólastjóri þau. Leikskólinn er ekki með símenntunaráætlun. Starfsmannahandbók er til í leikskólanum en hún þarfnast uppfærslu. Ekki er til móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Leikskólinn hefur ekki sett sér forvarnarstefnu, áfallaáætlun, rýmingaráætlun eða áætlun um viðbrögð við einelti í starfsmannahópnum.

Styrkleikar

- Ákvarðanatataka varðandi faglegt starf leikskólans er í höndum leikskólastjóra og deildarstjóra með aðkomu starfsfólks.
- Starfsmenn og foreldrar telja sig hafa gott aðgengi að leikskólastjóra.
- Samvinna leikskólastjóra við fræðslustjóra er góð og funda þessir aðilar reglulega.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf árlega starfsáætlun fyrir leikskólann í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann.
- Skýra mætti boðleiðir innan leikskólans.
- Gera þarf skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda.
- Auka þarf faglega forystu stjórnenda innan leikskólans.
- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Uppfæra þarf starfsmannahandbók og gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Gera þarf forvarnarstefnu, áfallaáætlun, áætlun varðandi viðbrögð við einelti, rýmingaráætlun og jarðskjálftaáætlun fyrir leikskólann.

²⁵ Viðtal við deildarstjóra.

²⁶ Viðtal við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

²⁷ Rýnihópur starfsmanna og rýnihópur barna.

²⁸ Viðtal við deildarstjóra.

²⁹ Rýnihópur starfsmanna.

³⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

³¹ Viðtal við formann fræðslunefndar Borgarbyggðar.

Uppeldi, menntun og umönnun

Leikföng og efniviður

Í leikskólanum er lögð áhersla á að bjóða upp á opinn efnivið. Opinn efniviður býður ekki upp á tilbúna, fyrirfram ákveðnar lausnir heldur vekur forvitni hjá börnunum og hvetur þau til að rannsaka og prófa sig áfram. Í leikskólanum eru notaðir einingakubbar (Unit blocks) og holukubbar (Hollow blocks). Einingakubbar og holukubbar eru hannaðir þannig að þeir bjóða upp á marga möguleika í námi og eru m.a. viðurkenndir sem góður grunnur að stærðfræðinámi. Kubbarirnir eru hannaðir af Carolin Pratt sem var kennari og stofnandi skóla í New York.³²

Í Andabæ er lögð áhersla á leikinn. Efniviður sem býður upp á að börnin útfæri eigin hugmyndir á margskonar vegu er til staðar, svo sem holukubbar og einingakubbar. Hlutverkaleiknum er ætlað mikið rými í starfinu þar sem sér herbergi með ýmsum efnivið sem tengist leiknum er á báðum deildum. Matsmenn sáu ekki dæmi um að þetta rými væri nýtt.

Í leikskólanum er stórt bókasafn og bækur eru aðgengilegar fyrir börnin á báðum deildum. Ritmál er ekki mjög sýnilegt í leikskólanum, þó mátti sjá að á eldri deild var nokkuð um að hlutir væru merktir og stafrófið var sett upp á vegg við loft. Samskiptakerfið Tákni með tali er sýnilegt á veggjum leikskólans en matsmenn sáu ekki tilburði til að nota aðferðina markvisst. Í listasmiðju er efniviður ekki aðgengilegur börnunum, nema pappír. Allur annar efniviður er í lokuðum skápum hátt uppi á vegg.

Í Andabæ er salur sem er vel búinn til hreyfileikja með allskonar efniviði. Sérstakt íþróttahúsagólfefni er á gólfinu í salnum og einnig er hiti í gólfinu. Matsaðilar tóku eftir að hljóðvist er sérstaklega góð þar inni. Í viðtölum við deildarstjóra kom fram að þeim finnst þörf á að bæta leikfangakost og að ýmislegt væri að verða úr sér gengið en leikföng hafa lítið verið endurnýjuð frá opnun leikskólans 2009. Leikskólinn hefur verið að taka inn yngri börn en áður og ungum börnum á leikskólanum hefur fjölgað. Því hefur verið lögð áhersla á að auka fjölbreytni í leikföngum fyrir yngstu börnin á þessu ári.³³

Líðan barna

Áhersla er lögð á samskipti sem stuðla að góðri líðan barna. Starfsaðferðir leikskólans endurspeglar umhyggju fyrir líðan allra. Í rýnihópi barna var spurt um líðan og öll börnin sögðu að þeim liði vel í leikskólanum. Eitt barnanna sagðist stundum vera leitt af því það vildi ekki sleppa mömmu og pabba en svo væri gaman í leikskólanum þegar það væri komið í hann.³⁴

Einkunnarorð leikskólans eru leikur, gleði og vellíðan og í rýniviðtölunum kom fram að starfsfólk, deildarstjórar, leikskólastjóri og foreldrar eru öll meðvitað um þessa þætti. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir leggja áherslu á að skapa rólegheit, skipta barnahópnum í minni hópa, nota virka hlustun og tala við börnin en ekki til þeirra.³⁵

Matsaðilar fundu að gleði og vellíðan einkennir allt starf og framkomu, bæði milli barna og fullorðinna, milli barnanna og milli starfsmanna. Matsaðilar sáu að starfsmenn lögðu sig fram við að hlusta á börnin og ræða við þau af virðingu. Augsýnilegt var að allt starfsfólk var meðvitað um mikilvægi þessara þátta. Matsaðilum fannst vera afslappað andrúmsloft í leikskólanum. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að í fyrsta viðtali við foreldra væri kynnt fyrir foreldrum að lögð sé áhersla á að öllum líði vel.³⁶

Lýðræði og mannréttindi

Í rýnihópi barna kom fram að þau upplifðu að þau hefðu val um viðfangsefni í frjálsa leiknum. Þau sögðust mega skipta um viðfangsefni þegar þau verða leið en ekki fara svona til og frá. Þeim finnst

³² Námskrá leikskólans.

³³ Viðtal við deildarstjóra.

³⁴ Rýnihópur barna.

³⁵ Viðtal við deildarstjóra.

³⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

einnig að dagskipulagið bjóði upp á að þau megi ráða við hvern þau leika. Börnin þekktu þær reglur sem gilda í leikskólanum en töldu sig ekki hafa tekið þátt í að gera þær. Á afmælisdeginum segjast börnin fá að velja hvað er í matinn.³⁷

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra og deildarstjórum koma börnin að því að móta reglur í leikskólanum.³⁸ Í rýnihópi starfsmanna kom skýrt fram að þeir hafa góðan aðgang að deildarstjórum og leikskólastjóra og þeir geta komið sínum hugmyndum og sjónarmiðum á framfæri. Endanleg ákvörðun er samt alltaf hjá stjórnendunum, þ.e. deildarstjórum og leikskólastjóra.³⁹

Samskipti og hegðun

Börnin í Andabæ eru glöð og áhugasöm að mati matsmanna. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum. Sérstaklega kom fram hjá elstu börnunum að þeim finnst skemmtilegt að vera í skólahópi.⁴⁰ Matsmenn sáu góð og árekstrarlaus samskipti í barnahópnum. Í vettvangsathugun mátti sjá að börnin fengu tíma og starfsmenn sýndu þolinmæði í fatalefa og við tiltekt eftir leik.

Starfsmönnum leikskólans hefur tekist að skapa jákvætt og afslappað andrúmsloft í leikskólanum og í öllum samskipum mátti greina virðingu fyrir börnunum, viðleitni til að koma til móts við þarfir þeirra og vilja til að leiðbeina þeim á uppbyggilegan hátt.

Skólaþróun

Leikskólinn Andabær hefur lítið gert til að mæta almennri þróun í skólstarfi. Innra mat hefur aldrei farið fram og starfsáætlun hefur ekki verið gerð. Engin símenntunaráætlun hefur verið gerð fyrir starfsmenn. Í rýnihópi starfsmanna og viðtali við deildarstjóra kom fram að frumkvæði yrði að koma frá þeim sjálfum varðandi símenntun og sögðust starfsmenn vera áhugasamir um að sækja námskeið ef þeir sjá þau auglýst. Hins vegar kom einnig fram að það væri alltaf talið sjálfsagt að hliðra til svo starfsmenn kæmst á námskeið.⁴¹

Í rýnihópum starfsmanna og foreldra kom óljóst fram að einhver könnun hefði verið gerð meðal foreldra síðast liðið vor en ekkert hefði verið gert með niðurstöður þeirrar könnunar og starfsmenn vissu ekki hvað þar kom fram.⁴² Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að framvegis verður leikskólinn þátttakandi í Skólavoginni þar sem fram fer mat foreldra á skólstarfi í Borgarbyggð.⁴³ Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefni á vegum sveitarfélagsins sem kallast *The Leader in me*, eða Leiðtoginn í mér, sjö venjur til árangurs. Elín María Björnsdóttir er verkefnastjóri og stýrir alfarið vinnunni. Þróunarverkefnið er samvinnuverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla í Borgarbyggð. Sameiginlegur skipulagsdagur með öllum skólum í Borgarbyggð var í byrjun október vegna verkefnisins þar sem starfsfólk fékk fræðslu og vann að því að útfæra verkefnið fyrir sinn aldur og sína deild.⁴⁴

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans er vel nýtt fyrir börn og starfsmenn.
- Leikskólinn tekur þátt í sameiginlegu þróunarverkefni á vegum Borgarbyggðar.
- Lögð er áhersla á umhyggju fyrir börnum í starfi leikskólans.
- Áhersla er á góða líðan barna.

³⁷ Rýnihópur barna.

³⁸ Viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra.

³⁹ Rýnihópur starfsmanna.

⁴⁰ Rýnihópur barna.

⁴¹ Rýnihópur starfsmanna og viðtal við deildarstjóra.

⁴² Rýnihópur starfsmanna og rýnihópur foreldra.

⁴³ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴⁴ Viðtöl við leikskólastjóra og við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

- Börnin eru ánægð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Bókakostur leikskólans er mikill og bækur vel aðgengilegar og vel sýnilegar á deildum.
- Börnin þekkja reglur leikskólans og eru sátt við þær.
- Jákvæð samskipti eru á milli barna og starfsmanna.
- Andrúmsloft leikskólans er afslappað og þægilegt.

Tækifæri til umbóta

- Auka þar skapandi starf og gera það sýnilegt.
- Endurskoða þarf dagskipulagið með tilliti til aukins fagstarfs í tengslum við nýja skólanámskrá.
- Huga þarf að betri nýtingu á húsnæði fyrir börnin.

Skólabragur og samskipti

Leikskólinn hefur ekki sett sér starfsmannastefnu en starfar samkvæmt starfsmannastefnu Borgarbyggðar. Í henni segir að markmiðið með starfsmannastefnunni sé að Borgarbyggð hafi ávallt á að skipa hæfum, áhugasömum og traustum starfsmönnum sem sýna frumkvæði í starfi, veita íbúum góða þjónustu og geta brugðist við síbreytilegum þörfum sveitarfélagsins. Í starfsmannamálum eru gildin *virðing, áreiðanleiki og metnaður* höfð að leiðarljósi.⁴⁵

Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að við leikskólann starfar samheldinn hópur og starfsmannavelta er lítil. Lögð er áhersla á að hafa gleðina að leiðarljósi og að öllum líði vel í leikskólanum.⁴⁶ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir töldu sig hafa mikið frelsi til að framkvæma hugmyndir sínar og deildarstjórar sögðust stjórna á sínum deildum án afskipta leikskólastjóra.⁴⁷ Í viðtali við börnin kom fram að þau eru ánægð með samskipti sín við leikskólastjóran og starfsfólk leikskólans.⁴⁸

Starfsandi

Almennt segja stjórnendur og starfsmenn að starfsandinn sé góður í leikskólanum. Leikskólinn er lítil og starfsmenn þekkjast vel þar sem flestir eru búsettir á Hvanneyri. Lögð er áhersla á gleði og hjálpssemi innan starfshópsins. Starfsmenn töldu sig fá tækifæri til að nýta hæfileika sína í starfi og hlustað væri á hugmyndir allra.⁴⁹ Leikskólastjóri sagðist ekki hafa þurft að takast á við ágreiningsmál innan starfsmannahópsins. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu er varðar allt starf leikskólans.⁵⁰

Jafnrétti

Borgarbyggð hefur sett jafnréttisstefnu sem tekur til stjórnkerfis og starfsmanna annarsvegar, og hins vegar til þeirrar þjónustu sem veitt er hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess. Þar kemur fram að markmiðið sé að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum möguleikum kvenna og karla í Borgarbyggð. Allar stofnanir sem koma að umönnun/uppeldi barna í sveitarfélaginu skulu gera jafnréttisáætlun um starfsemi sína. Því er beint til skólayfirvalda og forstöðumanna uppeldisstofnana að vinna að jafnri stöðu kynjanna og veita börnum og unglíngum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna. Meðal annars kemur fram í jafnréttisáætluninni að skólayfirvöld sjái til þess að námsefni mismuni ekki kynjum.⁵¹ Leikskólinn hefur ekki gert sína jafnréttisáætlun.

⁴⁵ Heimasíða Borgarbyggðar.

⁴⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴⁷ Rýnihópur starfsmanna og viðtal við deildarstjóra.

⁴⁸ Rýnihópur barna.

⁴⁹ Viðtöl við leikskólastjóra og við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁵⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵¹ Heimasíða Borgarbyggðar.

Styrkleikar

- Almennt er starfsandinn í leikskólanum góður.
- Lögð er áhersla á vellíðan og gleði í leikskólanum.
- Starfsmenn telja sig fá tækifæri til að nýta hæfileika sína og að hlustað sé á hugmyndir þeirra.

Tækifæri til umbóta

- Skoða mætti hvort æskilegt væri að leikskólinn geri skriflega starfsmannastefnu.
- Gera ætti jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði í jafnréttisstefnu Borgarbyggðar.

Mat á námi og velferð barna

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra og deildarstjórum er greiningartækið HLJÓM-2 notað til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Öll börn eiga sína eigin heilsubók en hún er hluti af hugmyndafræði Heilsuskólans og eitt þeirra verkefna sem notuð eru til að meta nám og velferð barna. Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði heilsuleikskóla. Í þá bók eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið svo sem hæð og þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda, næring og svefn, leikur, félagsleg færni/lífsleikni gróf- og fínhyringar og þróun myndsköpunar. Matsaðferðin felst í nákvæmri skráningu á þroska barns og færni. Vor og haust eru börnin metin og árangur skráður í Heilsubók barnsins og í framhaldi af því fá foreldrar viðtal við kennara sem skýrir þeim frá stöðu barnsins. Heilsubókin er í öllum tilfellum trúnaðarmál og eign barnsins⁵² Í undirbúningi er að fara af stað með TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.⁵³ Talmeinafræðingur frá sérfræðipjónustu Borgarbyggðar er til ráðgjafar varðandi málörvun einstakra barna. Ekki hefur verið gerð foreldrakönnun varðandi nám og líðan barna. Starfsmenn á deildum nota heimatilbúin matstæki til að fylgjast með eigin viðhorfi í garð barna.⁵⁴

Styrkleikar

- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að meta nám og líðan barna.
- Talmeinafræðingur frá sérfræðipjónustu veitir ráðgjöf varðandi málörvun barna.

Tækifæri til úrbóta

- Gera þarf foreldrakönnun um nám og líðan barna.

Innra mat

Innra mat hefur ekki farið fram í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Taka þarf upp kerfisbundið innra mat í samræmi við ákvæði í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

⁵² Heilsustefnan.

⁵³ Viðtöl við leikskólastjóra og við deildarstjóra.

⁵⁴ Efni frá deildarstjóra – Matsblað.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldraráð og foreldrafélag

Markmið með samstarfi leikskóla og foreldra er samkvæmt skólanámskrá að rækta samvinnu og samskipt leikskólans og heimilanna, veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og stuðla að þátttöku foreldra í starfi skólans.⁵⁵

Foreldraráð hefur verið starfandi við leikskólann frá árinu 2013. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra fékk leikskólinn undanþágu til að sameina foreldraráð og stjórn foreldrafélags vegna smæðar leikskólans.⁵⁶ Foreldraráðið, sem einnig er stjórn foreldrafélagsins, er kosið á foreldrafundi að hausti og hlutverk þess er að sögn foreldra að stuðla að velferð leikskólans og fylgjast með starfsemi hans.⁵⁷ Leikskólinn hefur ekki haldið foreldrafundi undanfarin ár vegna niðurskurðar á fjárframlögum, en samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra verður haldinn foreldrafundur á haustönn 2014. Þar munu foreldrar fá upplýsingar um leikskólastarfið og áætlanir fyrir skólaárið.⁵⁸

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, eitt á haustönn og annað á vorönn. Þar eru foreldrar upplýstir um stöðu og líðan barna í leikskólanum og farið yfir heilsubók barnsins. Upplýsingum er komið til foreldra á upplýsingatöflum sem staðsettar eru í fataklefanum, með tölvupóstum og á heimasíðu leikskólans. Leikskólinn hefur gefið út foreldrahandbók til að auðvelda foreldrum að kynnast starfsemi leikskólans og í henni er m.a. útdráttur úr námskrá leikskólans. Í foreldrahandbók segir að samstarf milli heimilis og skóla hefjist áður en barnið byrjar í leikskólanum. Grunnur að gagnkvæmum kynnum og trausti er lagður á aðlögunartíma.⁵⁹ Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir eru ánægðir með samstarfið við starfsfólk leikskólans, leikskólastjóra og starfsemi leikskólans.⁶⁰

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar er samstarfsskóli Andabæjar. Í maí 2009 var gerður samstarfssamningur milli leikskóla og grunnskóla.⁶¹ Í samningnum kemur fram hvernig samstarfi skólastiganna skuli háttað og bera deildarstjóri á eldri deild leikskólans og kennarar á yngsta stigi grunnskólans ábyrgð á að framfylgja samningnum. Árlega er gerð áætlun um samstarf fyrir skólaárið þar sem fram koma dagsetningar fyrir heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann og heimsóknir grunnskólabarna í leikskólann. Einnig kemur fram í áætluninni hvaða verkefni eru tekin fyrir hverju sinni. Þar má meðal annars nefna heimsóknir leikskólabarna í mismunandi kennslustundir og heimsóknir grunnskólanema í 1.-4. bekk í leikskólann og einnig sameiginleg verkefni sem tengjast umhverfismennt.⁶²

Annað samstarf

Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri samkvæmt samningi frá 2009. Markmiðið með samstarfinu er að gefa börnunum kost á skapandi námsumhverfi utan skólastofunnar, að börnin þekki helstu byggingar Landbúnaðarháskólans, að styrkja Hvanneyri sem háskólaþorp, samræma þarfir skólastiganna til að nýta svæðið sem best, að börnin fái að kynnast ferli moltugerðar, fái að kynnast rannsóknar- og gróðurhúsum, upplifa tengsl við húsdýr og geti nýtt sér

55 Aðalnámskrá leikskóla, 2011.

56 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

57 Rýnihópur foreldra.

58 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

59 Heimasíða Andabæjar.

60 Rýnihópur foreldra.

61 Heimasíða Andabæjar.

62 Efni frá deildarstjóra

kosti Landbúnaðarsafns Íslands.⁶³ Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra er fyrirhugað að endurskoða þennan samning vegna breyttra forsenda.⁶⁴

Styrkleikar

- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við leikskólastjóra og starfsfólk.
- Foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem gefnar eru í foreldraviðtölum.
- Gott samstarf er á milli skólastiga.
- Leikskólinn er í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.
- Í leikskólanum er móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf samning leikskólans og Landbúnaðarháskólans.
- Endurskoða þarf foreldrahandbók leikskólans.

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Borgarbyggð rekur sérfræðipjónustu samkvæmt reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2010.⁶⁵ Við sérfræðipjónustuna starfa sálfræðingur, sérkennsluráðgjafi og talmeinafræðingur. Sérfræðipjónustan sinnir frumathugunum og greiningu barna í samvinnu við viðkomandi leikskóla. Sérfræðipjónustan veitir starfsmönnum leikskóla og foreldrum ráðgjöf og úthlutar tímum til sérkennslu og stuðnings. Sérkennsluráðgjafi sinnir ráðgjöf til starfsmanna leikskóla um sérkennslu eða stuðning vegna einstaklinga eða hópa með sérþarfir. Talmeinafræðingur greinir og prófar börn með málþroskafrávik og sinnir forvarnarstarfi og talþjálfun. Hann sér jafnframt um eftirfylgd og ráðgjöf vegna barnanna fyrir starfsfólk og foreldra. Fræðslustjóri og starfsfólk sérfræðipjónustunnar funda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og fara yfir og afgreiða beiðnir um sérkennslutíma og/eða stuðning.⁶⁶ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að sérkennsluráðgjafi starfar ekki við sérkennslupjónustuna eins og er vegna veikinda.⁶⁷

Í skólustefnu Borgarbyggðar koma fram áherslur sveitarfélagsins varðandi sérfræðipjónustu og sérkennslu. Þar segir að í skólum sveitarfélagsins skuli barnið ávallt vera í fyrirrúmi. Taka þurfi mið af þörfum hvers barns og aðstoða það til aukins þroska á þess eigin forsendum. Leggja skuli áherslu á snemmtæka íhlutun með áherslu á skimun og sérkennslu í leikskólum. Sérkennslan skal vera samofin daglegu leikskólastarfi og að jafnaði leitast við að kennsla og örvun fari fram innan barnahópsins. Allar ákvarðanir um skipulag og útfærslu sérkennslunnar skal taka í samráði við forráðamenn þess barns sem í hlut á.⁶⁸

Í viðtali við leikskólastjóra, deildarstjóra og starfsmenn kom fram að þeir telja að í leikskólanum sé unnið samkvæmt hugmyndum um skóla án aðgreiningar.⁶⁹ Í leikskólanum starfar leikskólakennari sem sérkennslustjóri í 50% stöðu og sér hann um stuðning og þjálfun barna sem fengið hafa greiningu hjá talmeinafræðingi eða sálfræðingi. Leikskólinn hefur ekki sett sér sérkennslustefnu eða mótað ferla varðandi sérkennslu. Samkvæmt því sem fram kom í viðtölum við leikskólastjóra og sérkennslustjóra fer stuðningur og þjálfun bæði fram í almennu starfi leikskólans og einstaklingslega eftir þörfum hvers og eins barns.⁷⁰

⁶³ Heimasíða Andabæjar.

⁶⁴ Viðtal við deildarstjóra.

⁶⁵ Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2010.

⁶⁶ Heimasíða Borgarbyggðar.

⁶⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶⁸ Heimasíða Borgarbyggðar.

⁶⁹ Viðtöl við leikskólastjóra og við deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁷⁰ Viðtöl við leikskólastjóra og við deildarstjóra.

Samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra er ákveðið ferli sem farið er eftir ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni. Haft er samband við sálfræðing eða talmeinafræðing hjá sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar og notuð til þess sérstök umsóknareyðublöð. Sérkennslustjóri og deildarstjóri bera ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár í samráði við sérfræðinga sérfræðiþjónustunnar. Sömu aðilar bera einnig ábyrgð á að endurskoða einstaklingsnámskrárnar.⁷¹ Haldnir eru teymisfundir með foreldrum barna með stuðning, deildarstjóra, sérkennslustjóra og sérfræðingum með mislöngu millibili eftir eðli fötlunar og þörfum foreldra.⁷²

Börn með annað móðurmál en íslensku

Borgarbyggð hefur sett sér stefnu varðandi málefni innflytjenda, þ.e. þeirra sem eiga annað móðurmál en íslensku. Tilgangur stefnunnar er að innflytjendur verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu og markmiðið er að Borgarbyggð sé samfélag án fordóma, þjónusta sveitarfélagsins sé öllum aðgengileg og innflytjendum sé tryggt að upplýsingar séu þeim aðgengilegar. Skólar Borgarbyggðar skulu í samvinnu móta verkferla um móttöku barna af erlendum uppruna, leitast skal við að tryggja börnum af erlendum uppruna leikskólaláss og þeim skal bjóðast stuðningur á móðurmáli meðan þau eru að aðlaga sig að breyttum aðstæðum, ef þess er kostur. Leitast skal við að upplýsa foreldra og bjóða upp á tulkajónustu þegar þess er þörf.⁷³ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að í leikskólanum er ekki til stefna eða reglur um móttöku eða vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku og tók leikskólastjóri fram að lítið hefði reynt á það.⁷⁴ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þetta væri þáttur sem leikskólinn mætti bæta sig í en þeir nefndu að foreldrar af erlendum uppruna sem ættu börn í leikskólanum töluðu allir mjög góða íslensku.⁷⁵

Ekki kom fram í viðtölum við leikskólastjóra og deildarstjóra að Borgarbyggð hefði stefnu varðandi málefni innflytjenda. Í rýnihópi foreldra kom fram að allar upplýsingar frá leikskólanum væru á íslensku og gengið væri út frá að íslenskumælandi foreldri kæmi skilaboðum til makans. Fram kom að dæmi væru um að foreldri vildu geta fengið mikilvægar upplýsingar á sínu móðurmáli.⁷⁶ Leikskólinn hefur ekki mótað stefnu varðandi börn börn af erlendum uppruna (börn sem eiga annað móðurmál en íslensku).

Styrkleikar

- Við leikskólann starfar sérkennslustjóri.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með stuðning.
- Haldnir eru teymisfundir með foreldrum barna sem fá stuðning.

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf hvort leikskólinn vinnur í samræmi við stefnur Borgarbyggðar í sérkennslumálum og málefnum innflytjenda.
- Æskilegt er að leikskólinn móti sér sérkennslustefnu í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.
- Æskilegt er að leikskólinn móti stefnu um móttöku barna af erlendum uppruna (börn sem eiga annað móðurmál en íslensku) í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.
- Móta þarf ferla um framkvæmd sérkennslu í leikskólanum.
- Endurskoða ætti upplýsingagjöf til foreldra sem ekki tala íslensku.

⁷¹ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁷² Viðtöl við sérkennslustjóra og við leikskólastjóra.

⁷³ Heimasíða Borgarbyggðar.

⁷⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁵ Viðtal við deildarstjóra.

⁷⁶ Rýnihópur foreldra.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi Andabæjar: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðipjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektafarna fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektafarna sett fram á sama hátt.

Helstu styrkleikar Andabæjar

- Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Góð hljóðvist er í leikskólanum.
- Í leikskólanum er unnið út frá ákveðnum einkunnarorðum sem starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um.
- Í leikskólanum er unnið með umhverfismennt og leikskólinn hefur flaggað grænfána frá 2005.
- Leikskólinn er þátttakandi í heilsuefningu í skólum og hefur verið heilsuleikskóli frá 2013.
- Leikskólinn vinnur samkvæmt skólastefnu sveitarfélagsins.
- Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af góðri nærveru og umhyggju fyrir hverjum og einum. einstaklingsumhyggju.
- Ákvarðanatataka varðandi faglegt starf í leikskólanum er í höndum leikskólastjóra og deildarstjóra með aðkomu starfsfólks.
- Samvinna leikskólastjóra við fræðslustjóra er góð og funda þessir aðilar reglulega.
- Útileiksvæði leikskólans er stórt og vel skipulagt.
- Leikskólinn tekur þátt í sameiginlegu þróunarverkefni á vegum Borgarbyggðar.
- Lögð er áhersla á umhyggju fyrir börnum í starfi leikskólans.
- Börnunum er gefið gott svigrúm og rými til að þróa leik með holukubbum
- Starfsmenn leggja áherslu á virka hlustun og er alltaf til staðar þar sem börn eru að leik.
- Áhersla er á góða líðan barna.
- Börnin eru ánægð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Bókakostur leikskólans er mikill og bækur aðgengilegar á deildum.
- Börnin þekkja reglur leikskólans og eru sátt við þær.
- Jákvæð samskipti eru á milli barna og starfsmanna.
- Almennt er starfsandinn í leikskólanum góður og andrúmsloft afslappað og þægilegt.
- Lögð er áhersla á vellíðan og gleði í leikskólanum.
- Starfsmenn telja sig fá tækifæri til að nýta hæfileika sína og að hlustað sé á hugmyndir þeirra.

- Starfsmenn og foreldrar telja sig hafa gott aðgengi að leikskólastjóra.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að meta nám og líðan barna.
- Talmeinafræðingur frá sérfræðiþjónustu veitir ráðgjöf varðandi málörvun barna.
- Foreldrar eru ánægðir með samstarfið við leikskólastjóra og starfsfólk.
- Foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem gefnar eru í foreldraviðtölum.
- Til er móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum.
- Gott samstarf er á milli skólastiga.
- Leikskólinn er í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.
- Við leikskólann starfar sérkennslustjóri.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með stuðning.
- Haldnir eru teymisfundir með foreldrum barna með stuðning.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf hugmyndafræði, stefnu og helstu áherslupætti leikskólans í samræmi við nýja aðalnámskrá.
- Ljúka þarf gerð nýrrar skólanámskrár sem uppfyllir kröfur aðalnámskrár fyrir árið 2015.
- Endurskoða þarf faglegt starf í tengslum við skólanámskrárgerð.
- Tryggja þarf að allir starfsmenn, börn og foreldrar komi að skólanámskrárgerð.
- Endurskoða þarf þátttöku eldri barna í könnunarleiknum.
- Skýra mætti boðleiðir innan leikskólans.
- Bæta þarf flokkun og moltugerð í leikskólanum.
- Skipuleggja ætti vettvangsferðir í tengslum við markmið Grænfánans 2013-2015.
- Gera þarf árlega starfsáætlun fyrir leikskólann í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.
- Gera þarf skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann.
- Gera þarf skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda.
- Auka þarf faglega forystu stjórnenda innan leikskólans.
- Gera þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.
- Uppfæra þarf starfsmannahandbók og gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Gera þarf forvarnarstefnu, áfallaáætlun, rýmingaráætlun og jarðskjálftaáætlun fyrir leikskólann.
- Gera þarf áætlun um viðbrögð við einelti og ágreiningi í starfsmannahópnum.
- Auka þar skapandi starf og gera það sýnilegt.
- Endurskoða þarf dagskipulagið með tilliti til aukins fagstarfs í tengslum við nýja skólanámskrá.

- Huga þarf að betri nýtingu á húsnæði fyrir börnin.
- Skoða mætti hvort æskilegt væri að leikskólinn geri skriflega starfsmannastefnu.
- Gera ætti jafnréttisáætlun í samræmi við ákvæði í jafnréttisstefnu Borgarbyggðar.
- Gera þarf foreldrakönnun varðandi nám og líðan barna.
- Leikskólinn taki upp kerfisbundið innra mat í samræmi við ákvæði í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2011.
- Endurskoða þarf samstarfssamning leikskólans og Landbúnaðarháskólans.
- Endurskoða þarf foreldrahandbók leikskólans.
- Skoða þarf hvort leikskólinn vinnur í samræmi við stefnur Borgarbyggðar í sérkennslumálum og málefnum innflytjenda.
- Gera þarf sérkennsluáætlun og áætlun um móttöku barna af erlendum uppruna.
- Móta þarf ferla um framkvæmd sérkennslu.
- Endurskoða ætti upplýsingagjöf til foreldra sem ekki tala íslensku.

Lokaorð

Starfsemi leikskólans Andabæjar einkennist af góðum starfsanda og samskipti starfsfólks við börn og foreldra einkennast af hlýju, virðingu og trausti. Andabær er fámennur leikskóli, starfræktur í mjög rúmgóðu og vel búnu húsnæði og er vel mannaður starfsfólki sem gefur mikla möguleika til þess að vinna gott og faglegt leikskólastarf. Í leikskólanum hefur ekki verið gerð ný skólanámskrá sem uppfyllir skilyrði aðalnámskrár leikskóla og þarf að bæta úr því og sjá til þess að allt starfsfólk, börn og foreldrar komi að þeirri vinnu. Í leikskólanum hefur ekki farið fram innra mat og þarf að bæta úr því og taka upp kerfisbundið innra mat í samræmi við ákvæði í lögum um leikskóla og aðalnámskrá fyrir leikskóla. Leikskólinn hefur ekki skilað árlegri starfsáætlun til skólayfirvalda í sveitarfélaginu eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla og þarf að tryggja að það verði gert framvegis með aðkomu starfsmanna, barna og foreldra.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-listaskola/>. (Sótt 24. október 2014)

Community playthings. Vefslóð: <http://www.communityplaythings.co.uk/learning-library/articles/heuristic-play>. (Sótt 16. Október 2014)

Efni frá deildarstjóra - Samstarf milli Andabæjar og Hvanneyrardeildar Grunnskóla Borgarbyggðar.

Efni frá deildarstjóra – Matsblað.

Gögn frá leikskólastjóra.

Heilsustefnan – Heilsubók barnsins. Vefslóð: <http://heilsustefnan.is/um/heilsubok-barnsins/>. (Sótt 24. október 2014)

Heilsustefnan. Vefslóð: <http://heilsustefnan.is/>. (Sótt 24. Október 2014)

Heimasíða Andabæjar. Vefslóð: http://www.andabaer.borgarbyggd.is/Files/Skra_0050441.pdf. (Sótt 14. Október 2014).

Heimasíða Andabæjar. Vefslóð: http://www.andabaer.borgarbyggd.is/Files/Skra_0050441.pdf. (Sótt 16. október 2014)

Heimasíða Andabæjar. Vefslóð: http://www.andabaer.borgarbyggd.is/Files/Skra_0050441.pdf. (Sótt 13. október 2014)

Heimasíða Andabæjar. Vefslóð: http://www.andabaer.borgarbyggd.is/Files/Skra_0063076.pdf. (Sótt 16. október 2014)

Heimasíða Andabæjar. Vefslóð: http://www.andabaer.borgarbyggd.is/Files/Skra_0045394.pdf. (Sótt 14. október 2014)

Heimasíða Andabæjar. Vefslóð: http://www.andabaer.borgarbyggd.is/Files/Skra_0045393.pdf. (Sótt 16. október 2014)

Heimasíða Andabæjar. Vefslóð: http://andabaer.borgarbyggd.is/Files/Skra_0050441.pdf. (Sótt 13. október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar – Erindisbréf fræðslunefndar. Vefslóð: http://www.borgarbyggd.is/Files/Skra_0023290.pdf. (Sótt 16. október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar – fréttir. Vefslóð: <http://www.borgarbyggd.is/frettir/nr/181175/>. (Sótt 13. október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar - Jafnréttisáætlun. Vefslóð: http://www.borgarbyggd.is/Files/Skra_0029509.pdf. (Sótt 24. október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar – Samþykktir og reglur. Vefslóð: <http://www.borgarbyggd.is/stjornsysla/samthykktir-og-reglur/>. (Tekið af vef 24. október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar – Skólastefna. Vefslóð: <http://www.borgarbyggd.is/pages/01stjornsysla/stefnur-og-markmid/skolastefna/>. (Sótt 13. Október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar. Vefslóð: http://www.borgarbyggd.is/Files/Skra_0023531.pdf. (Sótt 24. október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar. Vefslóð: http://www.borgarbyggd.is/Files/Skra_0020996.pdf. (Sótt 16. Október 2014)

Heimasíða Borgarbyggðar. Vefslóð: http://www.borgarbyggd.is/Files/Skra_0020996.pdf. (Sótt 24. Október 2014)

Heimasíða Landverndar. Vefslóð: <http://landvernd.is/graenfaninn/Um-verkefni/>. (Sótt 14. október 2014)

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Námskrá Andabæjar. Vefslóð: <http://andabaer.borgarbyggd.is/leikskolinn/namsskra/> [Sótt 21. október 2014]

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2010.

Rýnihópur barna.

Rýnihópur starfsmanna.

The leader in me. Vefslóð: <http://www.theleaderinme.org/>. (Sótt 14. október 2014).

Upplýsingar frá leikskólastjóra.

Viðtal við deildarstjóra.

Viðtal við formann fræðslunefndar Borgarbyggðar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við sérkennslustjóra.

